

16. gr.

Öll gjöld samkvæmt þessari reglugerð má taka lögtaki, og hafa þau forgangsrétt sem önnur opinber gjöld, sbr. 83. gr. b. tölulið 3, skiptalaga. Auk þess eru skipagjöld tryggð með lögveði í skipinu, og gengur það veð í tvö ár fyrir sammingsveðskuldum. Dráttavextir reiknast samkvæmt reglum Seðlabanka Íslands á hverjum tíma.

Skipagjöld teljast í reglugerð þessari öll þau gjöld, sem skipi ber að greiða til hafnarinnar, svo sem lestagjald, bryggjugjald og hafnsögugjald, svo og hvers konar aðstoð, sem skipinu er látin í té af hafnarinnar hálfu.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 69 28. maí 1984 staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 267 11. júní 1975 og reglugerðir nr. 388 26. nóvember 1977 og nr. 53 6. febrúar 1984.

Samgönguráðuneytið, 25. júní 1984.

Matthías Bjarnason.

Ólafur S. Valdimarsson.

SAMÞYKKT

fyrir veiðifélagið Skugga, Fellsstrandarhreppi, Dalasýslu.

1. Félagið heitir Veiðifélagið Skuggi, heimili þess og varnarþing er heimili formanns.
2. Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að vatnasvæði Skoravíkurár og Hólsár frá ósi í sjó og að Hrafnaklettum í Hóls- og Hafursstaðalandi, en þær eru: í Fellsstrandarhreppi; Hafursstaðir, Breiðabólstaður, Valþúfa, Hella, Skoravík og Kaldakinn, í Hvamms-hreppi; Ketilsstaðir og Hóll.
3. Verkefni félags er að vinna að fiskirækt á félagssvæðinu, og að rádstafa veiði eftir því sem aðalfundur ákveður. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu.
4. Stjórn félagsins skipa þrír menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl þannig, að formaður gengur út eftir eitt ár, annar meðstjórnandinn eftir tvö ár, og hinn eftir þrjú ár, og helst svo sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan endurkosningu, nema sérstök forföll hamli, eða að hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskodendur til tveggja ára í senn, þannig að annar varamaðurinn og annar endurskodandinn gangi út annað árið, og hinir hitt árið.
5. Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma, og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum.

Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki, og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

6. Aðalfund skal halda í júniflok ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.
7. Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir og bréf.
8. Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.
9. Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVI. kafla laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi er gerð samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970 um lax- og silungsveiði og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytinu, 29. júní 1984.

Jón Helgason.

Ragnheiður Árnadóttir.

AUGLÝSING

um umferð í Bolungarvík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40, 23. apríl 1968 og að fengnum tillögum bæjarstjórnar Bolungarvíkur hefur eftirfarandi verið ákveðið:

Biðskyldumerki verður við gatnamót Skólastígs og Hafnargötu þannig að umferð austur Skólastíg viku fyrir umferð um Hafnargötu.

Auglýsing þessi tekur gildi þegar í stað.

Lögreglustjórnin í Bolungarvík, 3. júlí 1984.

Halldór Kristinsson.